



344. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 21. september 2023 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson, Garðar Svansson, Elsa Nielsen, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnslusviðs ÍSÍ.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Á Teams: Viðar Garðarsson.

Dagskrá:

1. Frá skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri skýrði frá því helsta úr starfi skrifstofu ÍSÍ, sbr. samantekt sem lögð var fram á fundinum.

2. Tillaga um einstaklingsstyrki frá ÓS vegna ÓL 2026

Lögð fram tillaga frá Afrekssviði ÍSÍ, með tilvísun í rökstuddar tillögur frá Skíðasambandi Íslands, um að sótt verði um einstaklingsstyrki frá Ólympíusamhjálpinni vegna eftirtalinna, vegna undirbúnings fyrir Vetrarólympíuleikana 2026:

Skíðaganga: Dagur Benediktsson og Krístrún Guðnadóttir.

Alpagreinar: Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, Matthías Kristinsson og Bjarni Þór Hauksson.

Snjóbretti: Vildís Edwinsdóttir.

3. Fjármálaupplýsingar

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri fór yfir átta mánaða rekstur ÍSÍ.

Gjaldkeri skýrði frá því að nokkur framúrkeyrsla væri á kostnaði vegna framkvæmda í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Það varð tjón á lögnum á jarðhæð, í jarðskjálftum í aðdraganda síðasta eldgoss á Reykjanesi og gólf kaffiteríunnar skemmdist mikið.

Umræður urðu um viðhald og endurbætur á Íþróttamiðstöðinni. Samþykkt að leggja fram ítarlegri sundurliðun á kostnaði við miðstöðina á næsta fundi.

3. Staða mála varðandi svæðaskrifstofur á landsvísu

Forseti skýrði stöðu mála. Hann og Jóhann Steinar, formaður UMFÍ, hafa fundað með mennta- og barnamálaráðherra og fulltrúum ráðuneytis um málið. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ funduðu með fulltrúum ÍRB og ÍS í lok ágúst og fulltrúar UMFÍ hafa einnig fundað með sambandsaðilum víða um land til að kanna brautargengi tillögu um svæðaskrifstofur á landsvísu, með aðkomu ráðuneytis. Stjórn UMFÍ hyggst leggja fyrir Sambandsþing samtakanna í október samskonar tillögu og samþykkt var á Íþróttþingi ÍSÍ í vor.

4. Skipan í nefndir og vinnuhópa

Kallað var eftir tilnefningum í þrjá vinnuhópa, tvær nefndir og einn samráðsvettvang.

Nokkuð margar tilnefningar bárust, aðallega frá stærstu sérsamböndunum innan ÍSÍ.

Samþykkt að skipa í eftirtalda hópa skv. neðangreindu:

Vinnuhópur ÍSí um sjálfbærni

Pórey Edda Elísdóttir, formaður
Hafsteinn Pálsson, ÍSí
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, ÍSí
Hulda Bjarnadóttir, GSÍ
Jóhannes Bjarki Urbancic, BTÍ
Hildur Davíðsdóttir, BLÍ
Birna Lárusdóttir, KKÍ

Vinnuhópur ÍSí um góða stjórnarhætti:

Úlfur H. Hróbjartsson, ÍSí, formaður
Valdimar Leó Friðriksson, ÍSí
Klara Bjartmarz, KSÍ
Guðbjörg Norðfjörð, KKÍ
Sólveig Jónsdóttir, FSÍ
Grétar Eggertsson, BLÍ
Victor Ingi Olsen, UMSK

Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd ÍSí:

Hjördís Guðmundsdóttir, ÍSí, formaður
Elsa Nielsen, ÍSí
Úlfur H. Hróbjartsson, ÍSí
Viðar Garðarsson, ÍSí
Ómar Smáráson, KSÍ
Jón Björn Ólafsson, ÍF
Pórey Kristinsdóttir, FSÍ
Hannes S. Jónsson, KKÍ

Mannvirkjanefnd:

Pórey Edda Elísdóttir, ÍSí, formaður
Fannar Helgi Rúnarsson, KSÍ
Póra Gunnarsdóttir, ÍSS
Axel Þór Eysteinnsson, FSÍ
Jakob Jóhann Sveinsson, SSÍ
Ólafur Arnarson, GSÍ
Jón Þór Jónsson, AKÍS

Samráðsvettvangur um rafíþróttir:

Viðar Garðarsson, ÍSí, formaður
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, ÍSí
Hjalti G. Hjartarson, HRÍ
Stefán Sveinn Gunnarsson, KSÍ
Guðmundur Örn Guðjónsson, BFSÍ
Kristinn Geir Pálsson, KKÍ

Einnig samþykkt að kalla til tvo aðila frá UMFÍ í áður skipaðan vinnuhóp ÍSí um sjálfbærni.

5. Vinnufundur framkvæmdastjórnar

Vinnufundur framkvæmdastjórnar verður haldinn fimmtudaginn 28. september nk. í fundarsal á Berjaya Natura Reykjavík frá kl. 12-17. Framkvæmdastjóri fór yfir skipulag fundarins og fundarefni.

6. Formannafundur ÍSÍ 2023

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn í Framheimilinu í Úlfarsárdal föstudaginn 24. nóvember 2023. Rætt um möguleg málefni til kynningar á fundinum. Í skoðun hvort að boðið verði upp á fyrirlestra, námskeið eða ráðstefnu í tengslum við fundinn, líkt og stundum áður.

7. Reglugerðir ÍSÍ

Unnið er að endurskoðun reglugerða ÍSÍ.

Lögð fram tillaga að breytingu á reglugerð um Ólympíuakademíu ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

Lagt til að fella niður Reglugerð ÍSÍ um auglýsingar, sem eru orðnar úreltar miðað við fyrirkomulag í íþróttamannvirkjum í dag. Tillagan samþykkt.

Allar gildandi reglugerðir ÍSÍ eru birtar á heimasíðu ÍSÍ.

8. Heiðranir

Engar tillögur að heiðrunum lágu fyrir fundinum.

9. Endurskoðun á reglugerð Afrekssjóðs

Framkvæmdastjóri og Daníel Jakobsson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ fóru yfir endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ. Sjóðsstjórnin hefur fundað reglubundið undanfarnar vikur og skoðað ýmsar sviðsmyndir, flokkun og mælikvarða.

Umræður urðu um málið.

Forseti hvatti til þess að vinnu við reglurnar verði flýtt eins og kostur er.

10. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 343. fundar framkvæmdastjórnar
- Fundargerðir Afrekssjóðs ÍSÍ frá 15. og 19. september 2023
- Fundargerð fjármálaráðs ÍSÍ frá 18. september 2023
- Fundargerð laganefndar ÍSÍ frá 18. september 2023 – **Tillögur laganefndar ÍSÍ um afgreiðslu mála samþykktar.**
- Fundargerð Verkefnasjóðs ÍSÍ frá 20. september 2023 – **Tillaga um styrkveitingu samþykkt, sbr. fundargerð.**

10. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan.

11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar:

Vinnufundur 28. september, hefðbundnir fundir 26. október, 23. nóvember og 7. desember.

12. Önnur mál

- *Nordic Sports Meeting 2023 á Grænlandi*

Forseti, 1. varaforseti, framkvæmdastjóri og Líney Rut sóttu fundinn á Grænlandi og tóku þátt í viðburðum í tengslum við 70 ára afmæli Grænlandska íþróttasambandsins (GIF). Forseti afhenti Nuka Kleemann, fyrrverandi formanni GIF, Gullmerki ÍSí í kvöldverðarboði GIF, samkvæmt samþykkt framkvæmdastjórnar ÍSí.

Á fundinum var endurstaðfest yfirlýsing norrænu þjóðanna varðandi þátttöku Rússa og Belarúsa í alþjóðlegu íþróttastarfi.

- *Aðalfundur Íslenskra getrauna*

Hafsteinn Pálsson, Andri Stefánsson og Hörður Þorsteinsson sóttu fundinn. Rekstur fyrirtækisins gengur vel og skilar góðri rekstrarniðurstöðu.

- *Ársfundur Lyfjaeftirlits Íslands*

Ársfundurinn verður haldinn miðvikudaginn 27. september nk. Forseti og framkvæmdastjóri munu sækja fundinn.

- *Dómari í ólympískum lyftingum á ÓL 2024.*

Erna Héðinsdóttir, dómari í ólympískum lyftingum, hefur fengið boð um að dæma í íþróttageininni á Ólympíuleikunum í París næstkomandi sumar. Það er alltaf mikill heiður fyrir viðkomandi íþrótt og Ísland að eiga dómara á stærsta íþróttaviðburði heims.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari